

Miðvikudagurinn 8. maí 1996 kl. 13:00

73. fundur Samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 19/1996

**Kvartanir yfir dreifibréfi Ljósmyndastofu Kópavogs
og Ljósmyndastofunnar Myndar.**

I.

Erindin

Samkeppnisstofnun bárust tvær kvartanir yfir dreifibréfi Ljósmyndastofu Kópavogs og Ljósmyndastofunnar Myndar en í dreifibréfinu, sem dreift var út um land í tilefni ferminga í vor, sagði m.a.:

„Þú færð hvergi jafn mikið fyrir peningana þína!

Samkvæmt niðurstöðu verðkönnunar sem Samkeppnisstofnun gerði. Þegar tekið hafði verið tillit til þess fjölda mynda og stærðar þeirra sem þú færð hjá okkur og borið saman við aðrar ljósmyndastofur, var verðið allt upp í það að verða fjórum sinnum hærra heldur en hjá okkur. Við erum með langlægsta verðið á landinu!“

Óskuðu kvartendur eftir upplýsingum um það hvenær fyrrgreind verðkönnun hefði farið fram og hverjar niðurstöður hennar hefðu verið fyrir landsbyggðina.

II.

Málsmeðferð

1.

Þar sem verð hjá ljósmyndastofum hefur ekki verið kannað síðan í febrúar 1995, og þá eingöngu á höfuðborgarsvæðinu, var ljósmyndastofunum tveimur sent erindi.

Í erindinu, dags. 24. apríl 1996, var ofangreint tekið fram auk þess sem vitnað var til fréttatilkynningar Samkeppnisstofnunar frá 24. febrúar 1995 sem fylgdi könnuninni, en þar sagði:

„Nýlega kannaði Samkeppnisstofnun verð á fermingarmyndatökum hjá 14 ljósmyndastofum á höfuðborgarsvæðinu.

Í ljós kom að það er afar misjafnt hvað er innifalið í verði myndatökunnar. Sem dæmi má nefna að fjöldi lappa er mjög mismunandi og það sama má segja um stærð myndanna.

Útilokað er að bera á raunhæfan hátt saman verðlagningu ljósmyndanna. Meðfylgjandi tölur ber því að skoða sem upplýsingar fyrir neytendur. Þess ber að geta að nokkrar ljósmyndastofur bjóða upp á fleiri valmöguleika en hér eru birtir.

Í flestum tilvikum er miðað við litmyndir og hvorki lagt mat á gæði né þjónustu.“

Þar sem að við lestur dreifibréfs ljósmyndastofanna mátti skilja að Samkeppnisstofnun hefði nýlega gert verðkönnun hjá ljósmyndastofum á öllu landinu og að þar hafi komið fram að Ljósmyndastofa Kópavogs og Ljósmyndastofan Mynd væru með langlægsta verðið var óskað eftir skýringum ljósmyndastofanna.

2.

Svar barst frá Ljósmyndastofu Kópavogs, dags. 24. apríl 1996, þar sem segir m.a.:

„Í niðurlagi bréfs yðar krefjist þér skýringar minnar, á þeim skilningi einhvers aðila, að ég hafi haldið því fram í meðfylgjandi dreifibréfi, að Samkeppnisstofnun hafi nýlega gert verðkönnun hjá ljósmyndastofum á öllu landinu og þar komi fram að Ljósmyndastofa Kópavogs og Ljósmyndastofan Mynd séu með langlægsta verðið.

*Þetta er ekki rétt. Þetta stendur alls ekki í dreifbréfi mínu, og er mér fyrir-
munað að skýra það hversvegna einhver utanaðkomandi aðili fær þennan
skilning við lestur bréfsins, og varla á færi nokkurs annars en viðkomandi*

sjálfs að skýra þann skilning sinn, enda vart hægt að ætlast til þess að ég skýri hugsanir einhverra annarra.“

Svar barst ekki frá Ljósmyndastofunni Mynd.

3.

Þar sem ekki komu fram fullnægjandi skýringar á fullyrðingum þeim sem birtust í umræddu dreifibréfi í svari Ljósmyndastofu Kópavogs afgreiddi Samkeppnisstofnun málið með bréfi, dags. 29. apríl. Í því sagði m.a.:

„Í umræddu dreifibréfi er vitnað til niðurstöðu verðkönnunar Samkeppnisstofnunar og er þá væntanlega átt við könnun stofnunarinnar sem birt var með fréttatilkynningu í febrúar 1995. Í fréttatilkynningunni var tekið fram að útilokað væri að bera á raunhæfan hátt saman verðlagningu ljósmyndanna og því ekki hægt að draga þá ályktun að þú fáiir „hvergi jafnmikið fyrir peningana þína! Samkvæmt niðurstöðu verðkönnunar sem Samkeppnisstofnun gerði“ eins og fram kemur í dreifibréfi yðar. Umrædd fullyrðing er ósönnuð og er brot á 20. og 21. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 þar sem hún er óhæfileg gagnvart hagsmunum neytenda, gefur villandi upplýsingar og er ósanngjörn gagnvart keppinautum.

Þá gefið þér í skyn í dreifibréfinu að lesa megir úr könnun Samkeppnisstofnunar að þegar tekið hafi „verið tillit til þess fjölda mynda og stærðar þeirra“ sem fáiist hjá ykkur og „borið saman við aðrar ljósmyndastofur“ hafi verðið verið „allt upp í það að verða fjórum sinnum hærra heldur en hjá“ ykkur. Þetta kemur hvergi fram í fyrrgreindri könnun Samkeppnisstofnunar og er því einnig brot á 20. og 21. gr. samkeppnislaga.

Þér hafið í svari yðar ekki fært sönnur á fullyrðinguna „Við erum með langlægsta verðið á landinu!“ en samkvæmt túlkun samkeppnisyfirvalda á 21. gr. samkeppnislaga er notkun lýsingarorða í efsta stigi óheimil nema auglýsandi geti á auðveldan hátt sannað fullyrðingu sína. Þetta hafið þér ekki gert og telst fullyrðingin því brot á 21. gr. samkeppnislaga.

Með tilliti til fyrrgreindra athugasemda telur Samkeppnisstofnun að umrætt dreifibréf samræmist ekki 20. og 21. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 og óskar eftir að dreifibréfið verði ekki birt framar.“

4.

Svar barst frá Ljósmyndastofu Kópavogs, dags. 29. apríl 1996, þar sem sagði:

„Mér líkar illa þær óviðurkvæmilegu og ósönnu ásakanir sem þér setjið fram í bréfi yðar...

Allar ásakanir sem þér setjið fram í fjórum málsgreinum bréfs yðar eru rangar.

Ég verð að viðurkenna vantrú mína á vankunnáttu yðar eða stærðfræðilegu þekkingarleysi, og vil ekki gera því skóna af hvaða hvötum þessar ásakanir eru fram settar.

Bréf yðar ber með sér, að þér hafið ekki séð eða skoðað frétt þá er birtist í Morgunblaðinu um viðkomandi könnun, skora ég hér með á yður að skoða hana og notfæra yður stærðfræðiþekkingu yðar til að reikna út hið einfalda reikningsdæmi.

Þó að samkeppnisstofnun hafi ekki á sínum snærum aðra starfsmenn sem geta reiknað svo einfalt reikningsdæmi, breytir það ekki niðurstöðu dæmisins.

Vegna efnis bréfs yðar, finnst mér ekki úr vegi að senda yður afrit af ákveðnum köflum hinna almennu hegningarlaga og fylgir það hér með.

Hugmyndir um að hægt sé að afturkalla dreifibréf og uppræta efni þess úr huga fólks sem þegar hefir lesið það, eru ekki svara verðar, og að lokum, það er ofmat á stöðu yðar ef þér haldið að þér hafið vald til að banna mér að vísa til fréttu í Morgunblaðinu, það mun ég gera í framtíðinni ef mér finnst þörf á.“

III.

Álit auglýsinganefndar

Auglýsinganefnd telur að ekki sé hægt að draga ályktanir á borð við þær sem fram koma í dreifibréfi Ljósmyndastofu Kópavogs og Ljósmyndastofunnar Myndar af verðkönnun Samkeppnisstofnunar, frá febrúar 1995, né þeirri frétt sem birtist í Morgunblaðinu, þann 2. mars 1995. Dreifibréfið gefur villandi upplýsingar, er óhæfilegt gagnvart neytendum og ósanngjarnt gagnvart keppinautum. Þá hafa ekki verið færðar sönnur á fullyrðinguna „Við erum með lang-

lægsta verðið á landinu!“ en notkun lýsingarorða í efsta stigi er óheimil nema auglýsandi geti á auðveldan hátt sannað fullyrðingu sína. Auglýsinganefnd leggur til að Samkeppnisráð banni umrætt dreifibréf þar sem upplýsingar í því brjóta í bága við 20. og 21. gr. samkeppnislaga.

IV.

Ákvörðunarorð:

„Með vísan til 20. og 21. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 og með heimild í 51. gr. sömu laga bannar Samkeppnisráð Ljósmyndastofu Kópavogs, Hamraborg 11, Kópavogi og Ljósmyndastofunni Mynd, Trönuhrauni 8, Hafnarfirði að birta eftirfarandi upplýsingar í auglýsingum þeirra á fermingarmyndatökum:

- 1. að hvergi fáist jafnmikið fyrir peningana samkvæmt niðurstöðu verðkönnunar sem fram hafi farið á vegum Samkeppnisstofnunar,**
- 2. að úr könnun Samkeppnisstofnunar sé hægt að lesa að þeir séu með lægsta verðið þegar tekið hafi verið tillit til fjölda og stærðar mynda,**
- 3. að þær séu með langlægsta verðið á landinu.**

Bannið tekur gildi um leið og það hefur verið tilkynnt fyrirtækjunum.

Verði banninu ekki fylgt mun Samkeppnisráð beita viðurlögum samkeppnislaga.“

[Máli þessu var áfrýjað; sjá Úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli [nr. 9/1996](#)]